

Janúar fréttablað



Jólaball

Jólaballið tókst mjög vel og var mæting góð. Hljómsveitin stóð sig vel eins og alltaf undir stjórn Gests. Tveir jólasveinar komu í heimsókn og færðu börnunum jólagjöf og dönsuðu með okkur í kringum jólatréð. Þökkum við öllum kærlega fyrir komuna.

Sérstakar þakkir til hljómsveitarinnar og jólasveinanna fyrir þeirra framlag sem hefur svo mikið að segja til þess að ballið verði vel heppnað. Jólagjöfin er gjöf frá foreldrafélaginu og færum við þeim bestu þakkir fyrir



Heitt súkkulaði

Einn morgun rétt fyrir jólin gerði Ásgeir heitt súkkulaði sem við drukkum úti og fengum piparkökur með. Þetta var mjög hugguleg stund úti í kuldanum og gott var að hlýja sér á heitu súkkulaði.



Kirkjuferð

Rétt fyrir jólin fórum við í kirkjuna og hittum Sr. Arnald og Guðmund djákna sem tóku vel á móti okkur. Börnin sungu nokkur jólalög og stóðu sig mjög vel. Takk fyrir að taka á móti okkur.

Foreldraviðtalsdagur og starfsdagur


Miðvikudaginn 29. janúar er foreldraviðtalsdagur í leikskólanum og þá mæta foreldrar í foreldraviðtal á fyrirfram gefnum tíma sem deildarstjóri úthlutar. Mikilvægt er að foreldrar láti viti í tíma ef tíminn hentar ekki. Börnin eru velkomin með foreldrum sínum. Fimmtudaginn 30. janúar er starfsdagur án nemenda.

Bóndadagurinn

Eins og undanfarin ár verður feðrum og öfum boðið í þorramat á bóndadaginn 24. janúar. Maturinn hefst kl. 11.30 og væri gaman að sjá sem flesta. Börnin búa sér til þorrahatta til að vera með á þessum degi. **Skráning fer fram fljótlega.**

Félag eldri borgara

Þær Inga og Þóra, félagar í Félagi eldri borgar, komu og lásu fyrir börnin á Dverga- og Ásheimum. Þökkum við þeim kærlega fyrir komuna.



Vika 1.-5. janúar

- | |
|--|
| 1. jan. nýársdagur, leikskólinn er lokaður
3. jan. söngstund
3. jan. fjólablár litadagur, allir að muna eftir að koma í einhverju fjólabláu eða með eitthvað fjólablátt á sér. |
|--|

Vika 6.-12. janúar

- | |
|---|
| 9. jan. íþróttir, allir að muna eftir þægilegum fatnaði.
10. jan. rugldagur, opið á milli deilda milli kl. 10-11.
10. jan. umhverfisnefndarfundur kl. 10. |
|---|

Vikan 13.-19. janúar

- | |
|--|
| 14. jan. Félagar úr Félagi eldri borgara í Ölfusi koma og lesa eða segja sögur.
16. jan. íþróttir, allir að muna eftir þægilegum fatnaði.
17. jan. söngstund |
|--|

Vikan 20.-26. janúar

- | |
|--|
| 23. jan. íþróttir, allir að muna eftir þægilegum fatnaði
24. jan. bóndadagur. Feðrum og öfum er boðið í hádegismat kl. 11.30. |
|--|

Vikan 27.-31. janúar

- | |
|--|
| 29. jan. foreldraviðtalsdagur, leikskólinn er lokaður
30. jan. starfsdagur kennara, leikskólinn er lokaður.
31. jan. söngstund |
|--|

Með nýárskveðju
Elsa aðstoðarleikskólastjóri